

Mál nr. 307/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 11. september 2025, ásamt fylgisköllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. september 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í vinnuslysi hjá X kl. 13:00 þann 30. apríl 2024. Er þess krafist að nefndin staðfesti að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum þess slyss og M eigi því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Í fyrirbyggjandi tilkynningu til Vinnueftirlitsins er atvikum lýst þannig að fyrir hádegi á slysdagi hafi starfsmenn verið að hífa járnabúnt nálægt svæði sem þeir voru að fara að vinna á. Hafi þeir sett járnabúnt við og á gönguleið. Fyrstu járnabúntin hafi verið sett samsíða gönguleiðinni en síðasta búntið hafi farið þvert á gönguleiðina. Starfsmenn hafi síðan farið í mat og hafi ætlað að hífa búntin áfram á réttan stað eftir matinn. Þegar starfsmenn hafi verið að labba til baka á verkstað eftir matinn hafi M stígið yfir búntið sem var þvert á gönguleiðina og flækst í lykkju á stroffu sem var utan um búntið með þeim afleiðingum að hann féll til jarðar og slasaðist. Í málskoti byggir M á því að það hafi verið starfsmenn X sem voru að ganga frá járnabúntum þennan dag. Þá hafi hann farið fyrstur í hádegismat, þ.e. áður en gengið hafi verið frá járnabúntinu þvert fyrir gönguleiðina. Einnig hafi lykkjan á stroffunni verið illsjáanleg og þannig úr garði gerð að M hafi ekki séð hana og því ekki getað komið í veg fyrir slysið.

M byggir málalögbúnað sinn á því að starfsmenn X hafi ekki fylgt öryggisreglum þegar þeir skildu síðasta búntið eftir þvert yfir gönguleiðina, nokkuð sem hafi valdið slysahefðu. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á 13., 21. – 23., 1. mgr. 37. og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og dóma Landsréttar í málum nr. 431/2023 og 11/2019. Þessu til viðbótar byggir M á því að X hafi vanrækt að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins sbr. 79. gr. framangreindra laga. Þrátt fyrir að X hafi borið að tilkynna slysið strax til Vinnueftirlitsins hafi það ekki verið gert fyrir an 13 dögum eftir slysdag. Telur M að sú vanræksla X eigi að leiða til þess að X verði að bera hallann af mögulegum sönnunarskorti í málinu. Vísar M í Hrd. í málum nr. 363/2008 og 272/2008 því til stuðnings.

Í athugasemdum V, dags. 11. september 2025, er því mótmælt að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Gerir V grein fyrir því að samkvæmt upplýsingum frá X hafi það verið starfsmenn undirverktaka sem sáu um járnabindingar umræddan dag, þar með talið að hífa og ganga frá umræddum járnabúntum. Þá bendir V á að starfsmenn undirverktakans hafi áður verið sendir á öryggisnámskeið hjá X þar sem farið var yfir áhættumat þar sem fram kom að allar gönguleiðir eigi að vera greiðfærar og að tiltekt skuli fara fram jafnóðum og minnst daglega. Einnig hafi starfsmenn X tekið þátt í slíku námskeiði og hafi þeim borið að tilkynna sínum yfirmanni ef ekki var farið eftir settum öryggisreglum. Þá bendir V á að þegar M slasaðist hafi veður verið gott og M hafi mátt sjá járnabúntið sem var á miðri gönguleið. Hann hafði því átt að tilkynna það yfirmanni sínum. Ekki sé hægt að gera þá kröfu að X sjái til þess að allir undirverktakar fylgi öryggisreglum svo nákvæmlega að unnt sé að bregðast við um leið og slíkt gerist.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 11. september 2025, eru fyrri rök ítrekuð og sérstaklega á það bent að það hafi verið starfsmanna X að sjá til þess að gönguleiðin væri greiðfær. Það hafi þeir hins vegar ekki gert heldur lagt járnabúntið þvert fyrir gönguleiðina.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína 30. apríl 2024. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Dómafordæmi benda til þess að litið sé svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur réttilega tilkynnt slys samkvæmt framangreindu lagaákvæði skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik eða aðstæður á vinnustað, að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í málinu liggja fyrir gögn um óvinnufærni M í kjölfar slyssins. X bar því að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins. Það var hins vegar ekki gert fyrr en 13. maí 2024, nokkuð sem fól í sér brot á skyldum skv. framangreindu ákvæði. Þrátt fyrir þetta telur nefndin, með vísan í upplýsingar í gögnum málsins, að ekki sé slíkri óvissu fyrir að fara í málinu um málsatvik eða aðstæður á vinnustað, að máli skipti varðandi mat á meintu saknæmi X eða starfsmanna X. Í þessu sambandi bendir nefndin á að þó vissulega sé m.a. ágreiningur um það hvort það hafi verið starfsmenn X eða starfsmenn undirverktaka sem sáu um að ganga frá járnabúntunum á slysdegi, þar með talið að skilja eitt þeirra eftir þvert á gönguleið starfsmanna, telur nefndin að það skipti ekki máli varðandi úrlausn þess álitaefnis sem uppi er. Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af járnabúnti eins og því sem deilan snýr að. Þá liggur jafnframt fyrir að slysið varð um miðjan dag. Nefndin telur í raun að af þessu tvennu megi draga þá ályktun að umrætt búnt hafi verið mjög greinilegt og í raun lítil hindrun þeim sem þurfti að stíga yfir það. Nefndin fellst því ekki á þau rök M að umrædd lykkja á stroffunni sem var utan um búntið, hafi verið illsjáanleg. Nefndin telur því að þrátt fyrir að sú ákvörðun að skilja umrætt járnabúnt eftir þvert á gönguleið í umætt sinn, hafi falið í sér brot á öryggisreglum þeim sem giltu á vinnustað, liggi orsök slyssins ekki í þeirri háttsemi. Þvert á móti telur nefndin að sérstök slysaætla hafi ekki átt að vera því samfara að stíga yfir búntið, enda kemur fram í málskoti að M sá búntið. Með eðlilegri aðgæslu hefði M því ekki átt að slasast. Þetta leiðir aftur til þess að nefndin telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á heldur til aðgæsluleysis M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir